

# *Dalalæðan*

1. tbl. 28. árg. 5. febrúar 2015



*Horft yfir Mosfellsdal.*

*Guðni Þorbjörnsson tók myndina 11. ágúst 2014.*

## **Aðalfundur Víghóls**

2015 verður haldinn í Reykjadal  
fimmtudaginn 12. febrúar og hefst hann kl. 20.

### **Dagskrá:**

- ✓ Ársskýrsla stjórnar.
- ✓ Reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- ✓ Kosning stjórnar og endurskoðanda.
- ✓ Lagabreytingar.
- ✓ Önnur mál, meðal annars verður rætt um Þingvallaveg.

*Fjölmennum! Stjórn Víghóls.*

# Brosir mæt við morgunsól



*Þann 4. apríl nk. verða  
50 ár liðin frá vígslu  
Mosfellskirkju. Guðni Þor-  
björnsson tók myndina  
30. janúar 2015.*

*Í brakberri á háum hól  
himins frægu túna  
brosir mæt við morgunsól  
Mosfellskirkja núna.*

Þessi glaðlynda vísa er ættuð úr Innan-  
sveitarkroniku eftir Halldór Laxness; bókin  
kom út árið 1970 en þá voru fimm ár liðin  
frá því Mosfellskirkja hin nýja var vígð við  
hátíðlega athöfn. Kirkjan fagnar því hálfra  
aldar afmæli á þessu ári og verður þess  
minnst með margvíslegum hætti eins og  
lesa má annarsstaðar í Dalalæðunni.

Svo háttar til að sá sem þessar línur ritar  
fylgdist grannt með byggingu Mosfellskirkju,  
allt frá því að grafið var fyrir grunni hennar,  
þar sem mikið af mannabeinum kom í ljós,  
og þar til vígsludagurinn rann upp, bjartur  
og fagur. Handtök kirkjusmiðanna heilluðu  
mig en þó ekki síður glampanði koparinn  
á þaki og turni kirkjunnar; mér þótti það  
kraftaverki líkast hvernig málmsmiðirnir  
felldu saman fagurglóandi eirplötur á listi-  
legan hátt.

En eitt var það sem mér þótti afar leitt við  
koparslegið þakið og kirkjuturninn. Mér  
hæfði sumsé verið tjáð að koparinn þyldi

ekki sólarljósið, hann yrði sótsvartur og  
ljótur með tímanum. Fyrstu árin fylgdist  
ég með litbrigðum málmsins af mikilli  
eftirvæntingu, jú það stóð heima, lúmsk  
spanskgrænan sló slikju sinni á glampanði  
eirinn.

Hálf öld er liðin síðan ég speglaði mig í  
gylltum kopar Mosfellskirkju sem er fyrir  
löngu orðinn dökkur. En hann er ekki verri  
fyrir það, svartur og lífsreyndur koparinn  
gefur kirkjunni virðulegan og fallegan svip.

*Kotroskin á kátum hól  
kirkjan hvergi hopar;  
í sumaryl og vetrarsól  
svörtum skartar kopar.*

*Bjarki Bjarnason.*

## Dalalæðan

1. tbl. 28. árg. 5. febrúar 2015

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot og prentun: Artpro, Mosfellsbæ.

Dalalæðan er prentuð í 150 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal

og einnig er hægt að nálgast það fésbókar-  
síðunni Íbúar í Mosfellsdal.

## Afmælisbörn ársins 2015

### 90 ára

Guðrún Tómasdóttir Brennholti . . . . . 13. apríl

### 85 ára

Skúli Skarphéðinsson Röðli . . . . . 18. desember

### 80 ára

Herdís Gunnlaugsdóttir Helgadal . . . . . 22. febrúar

### 70 ára

Ingibjörg Andrésdóttir Bókfelli . . . . . 19. febrúar

Valur Þorvaldsson Minna-Mosfelli . . . . . 15. apríl

Logi Þ. Jónsson Selvangi . . . . . 1. maí

Guðrún V. Karlsdóttir Sigtúni . . . . . 5. maí

Ásgeir Indriðason frá Viðigerði . . . . . 27. júní

### 60 ára

Jón Jóhannsson Mosskógum . . . . . 23. febrúar

Sigrún Hjálmtýsdóttir Túnfæti . . . . . 8. ágúst

Ragnheiður Jónsdóttir Mosfelli . . . . . 21. október

Svanhvít Hreinsdóttir frá Helgadal . . . . . 4. nóvember

Magnús Benediktsson frá Mosfelli . . . . . 20. nóvember

### 50 ára

Eygerður Guðbrandsdóttir Hraðastöðum 1 . . . . . 29. apríl

Katla Skúladóttir frá Röðli . . . . . 7. maí

Anna Bára Ólafsdóttir Vindhóli . . . . . 30. júní

Sigrún Bjarnadóttir frá Hraðastöðum . . . . . 17. júlí

Skaphéðinn Sigurðsson frá Sigtúni . . . . . 6. september

Ólafía Andrésdóttir frá Laugabóli . . . . . 10. nóvember

Jenný Magnúsdóttir Fagrahvammi . . . . . 29. nóvember

### 40 ára

Halldóra Andrésdóttir frá Laugabóli . . . . . 13. janúar

Guðmundur B. Sigurðsson Árvangi . . . . . 12. maí

Alexander V. Kárasón Roðamóa 11. . . . . 25. júní

Helga Skowronski Dalsbúi . . . . . 12. ágúst

Jakob Már Rúnarsson frá Norður-Reykjum . . . . . 2. september

Kristmundur A. Jónasson Viðigerði . . . . . 21. október

Haukur Þórarinnsson Laxnesi . . . . . 26. október

Marianna Gunnarsdóttir Brávöllum . . . . . 11. nóvember

Guðný Brynjólfssdóttir Viðibakka . . . . . 30. desember

*Dalalæðan óskar þessu ágæta fólki til hamingju.*

# Þingvallavegur

Nú ekur sál mín södd af útlands gny  
í sælli bifreið austuryfir heiði ...

Þannig orti Halldór Laxness árið 1930 í kvæði sínu Þingvallavegurinn þegar nýr vegur hafði verið lagður yfir Mosfellsheiði til Þingvalla. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og ótal „sælum bifreiðum“ verið ekið í gegnum Mosfellsdalinn og áfram austur yfir heiði. Seinustu ár hefur umferðarþungi aukist mjög á Þingvallavegi, m.a. vegna ört vaxandi ferðamannastraums og nýs vegar yfir Lyngdalsheiði.

## Brún þörf á aðgerðum

Mikil og hröð umferð í gegnum Mosfellsdal kallar á aðgerðir. Nú hefur náðst samkomulag við Vegagerðina um að farið verði í sameiginlegar framkvæmdir í Dalnum. Fyrsta skrefið í þeirri vegferð er verkefnaálysing fyrir deiliskipulag vegarins sem hefur verið kynnt og auglýst. Næsta skref er sjálft deiliskipulagið sem tekur á auknu umferðaröryggi, útfærslu gatnamóta, hliðarvega, stíga, gangbrauta og undirganga fyrir gangandi, riðandi og hjólandi umferð, hraðatakmarkunum, merkingum, skiltum, landslagsmótun, gróðursetningu og áfangaskiptingu framkvæmda.

## Mismunandi áherslur

Enginn dregur í efa mikilvægi þess að auka umferðaröryggi á Þingvallavegi. Vegagerðin hefur þó ekki verið hlynnt því að hámarks- hraði verði lækkaður en allir eru sammála um að dregið verði úr umferðarhraðanum með einhverjum ráðum. Vegagerðin hefur ekki verið ýkja hrifin af trjágróðri á veghelg-unarsvæðum á meðan heimamenn telja að tré geti haft jákvæð og góð áhrif til að draga úr hraða. Í deiliskipulagsvinnunni þarf að finna leiðir til að taka tillit til sjónarmiða og áherslna allra aðila.



Bjarki Bjarnason.



Bryndís Haraldsdóttir.

## Mótmæli íbúa

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar hafa borist margar athugasemdir og ábendingar vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu við Þingvallaveg og síðastliðinn föstudag afhentu íbúar formanni nefndarinnar mótmæli sín vegna vegarins. Þar er annarsvegar um að ræða 17 samhljóða bréf frá landeigendum og hinsvegar bréf frá 57 íbúum í Mosfellsdal.

Í bréfi landeigenda er þess krafist „... að bæjaryfirvöld, Vegagerðin og Skipulagsstofnun grípi til viðeigandi ráðstafana til að afturkalla ákvörðun um að gera Þingvallaveg að stofnbraut / stofnveg og færi veghelgunarmörkin úr 30 metrum í 15 metra frá miðlínu vegar eins og áður var og finni sér aðra framtíðar stofnbraut / stofnveg til þess að nota sem veltengingu á milli byggðarlaga.“

Í bréfinu frá íbúunum 57 er því einnig mótmælt að þjóðvegurinn liggja í gegnum Mosfellsdal og það áréttað „... að það eru íbúar alls dalsins sem líða fyrir þennan þjóðveg í þéttbýli/dreifbýli. Umferðin og hraðinn eykst frá ári til árs. Og það er aðeins ein lausn í sjónmáli sem er ásættanleg fyrir íbúa Mosfellsdals og Mosfellsbæ. Það er að færa stofnbrautina/stofnveginn út úr dalnum þannig að það liggja ljóst og skýrt fyrir að dalurinn verði ekki fyrir þessa stofnbraut/stofnveg og það sé gert ráð fyrir því í nýju aðalskipulagi hjá bæjarstjórn Mosfellsbæjar og framtíðarskipulagi Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar.“

## Ályktun stjórnar Vighóls

Stjórn íbúasamtakanna Vighóls kom saman um síðustu helgi og sendi frá sér ályktun þar sem segir meðal annarra orða: „Stjórn Vighóls fagnar því að fyrir liggur verklýsing á fyrirhuguðu deiliskipulagi til að bæta umferðaröryggi á Þingvallavegi í Mosfellsdal og að íbúum gefist tækifæri til að koma að undirbúningi þess. Íbúasamtökin hafa um langt árabil hvatt til þess að gripið verði til aðgerða og framkvæmda sem draga muni úr umferðarhraða í dalnum og almennt auka umferðaröryggi akandi, gangandi og hjólandi vegfaranda, auk hestamanna. Stjórnin er reiðubúin til að leggja sitt af mörkum til að sjónarmið dalbúa komi greinilega fram í þessari undirbúningsvinnu.“

Stjórnin er meðvituð um að fyrirhugaðar framkvæmdir í umferðaröryggismálum eru fyrst og fremst til að taka á þeim vanda sem fyrir liggur með aukinni umferð og umferðarhraða í Mosfellsdal með tilheyrandi slyshættu, en vekur um leið athygli á því að til framtíðar er það markmið stjórnar að umferð milli höfuðborgarsvæðisins og Þingvalla verði ekki beint í gegnum Mosfellsdal eins og nú er.

Aðalfundur Vighóls verður haldinn þann 12. febrúar nk. Þar er fyrirhugað að velja fulltrúa dalbúa til að leggja skipulagsvinnunni lið, auk þess sem á þessum fundi verður kannað hver forgangsroðun hugsanlegra framkvæmda sé æskileg að mati íbúanna. Hugmyndum sem þar koma fram verður komið áleiðis til skipulagsyfirlalda.“



Frá opnum fundi í Reykjadal þann 15. janúar sl. þar sem rætt var um Þingvallaveg. Eins og sjá má var fundurinn mjög fjölsóttur, Jónas Snæbjörnsson fulltrúi Vegagerðarinnar er lengst til hægri á myndinni en Bryndís Haraldsdóttir formaður skipulagsnefndar Mosfellsbæjar lengst til vinstri.

## Lokaorð

Við viljum áréttta að í þeirri vinnu sem framundan er verða allar innsendar athugasemdir skoðaðar. Fullur vilji er til að vinna deiliskipulagið í góðu samstarfi við íbúa í Mosfellsdal og vonum við að það takist að samræma ólík sjónarmið og vinna skipulag sem geti hugnast sem flestum. Á fundi skipulagsnefndar þann 3. febrúar var samþykkt að óska eftir því að Vighóll tilnefndi fulltrúa sinn í starfshóp til að vinna áfram að verkefninu.

Full ástæða er til að horfa til annarra framtíðarlausna hvað varðar umferð milli höfuðborgarsvæðisins og Þingvalla. Orð eru til alls fyrst en framtíðin verður að leiða í ljós hvenær þær hugmyndir verða að veruleika.

Bryndís Haraldsdóttir formaður og  
Bjarki Bjarnason varaformaður  
skipulagsnefndar Mosfellsbæjar.

Ferðapjónustan  
og bókaútgáfan

**FRÁ HVIRFLI TIL ILJA**

Símar: 566-7098, 820-0320  
Netfang: bjarnasonbjarki@gmail.com

Bjarki Bjarnason

**Dýralæknirinn Mosfellsbæ**

Þverholti 2, Kjarna

Símar: 566-5066 og 6600-633

# Afmælisár Mosfellskirkju

## Kæru dalbúar

Í vor verður 50 ára vígsluafmæli hinnar endurreistu Mosfellskirkju. Því verður fagnað með hátíðarguðsþjónustu í kirkjunni á páskadag þann 5. apríl kl. 14.

Takið daginn frá!

Í tilefni þessara tímamóta hefur verið ákveðið að halda upp á afmælið í heilt ár, m.a. með því að tengja það við önnur tímamót í sögu sóknarbarna; að 60 ár eru liðin frá afhendingu nóbelsverðlaunanna til Halldórs Laxness og 100 ár síðan konur fengu kosningarétt, en þar kemur Ólafía Jóhannsdóttir, fædd á Mosfelli, meðal annarra við sögu.

Afmælisárið er hafið með endurbótum á kirkju og umhverfi. Ný girðing kringum kirkjuna hefur verið sett upp, kirkjan máluð að innan og ný gólfteppi lögð í forstofu. Hafinn er undirbúningur að malbikun á bílplani og í athugun er útskipting á bekkjum þar sem stólar verði settir í staðinn. Bæklingur með fróðleik um kirkjubygginguna og sögu er í vinnslu og mun verða dreift í öll hús í prestakallinu. Kirkju- og menningartengd dagskrá er í vinnslu og lítur brátt dagsins ljós. En eftirfarandi dagskrá verður í Mosfellskirkju fram að sjálfum afmælisdeginum:

Flestir hafa vonandi lesið bók Halldórs Laxness Innansveitarkroniku eða „fáein blöð um týnda smámuni í Mosfellsveit“ eins og hann kallar hana líka. Við bjóðum til samverustunda um bókina þrjá mánuða í febrúar kl. 17 í Mosfellskirkju.

Við veljum að kalla það leshóp á léttum nótum. Allt áhugafólk um bókina er velkomið, dagskráin verður sem hér segir:



Frá vígsludegi Mosfellskirkju 4. apríl 1965. Mikill mannfjöldi kom á staðinn svo ekki rúm- uðust allir í guðshúsinu nýja. Hátölurum hafði verið komið fyrir utandyra svo þar var hægt að fylgjast með því sem fram fór í kirkjunni.

Þann 9. febrúar kl. 17-18:30. Spjallað um og rýnt í Innansveitarkroniku.

Þann 16. febrúar kl. 17-18:30 flytur Bjarki Bjarnason erindi og ræðir um verkið.

Þann 23. febrúar kemur Jón Kalman skáld og segir frá og spjallar um bókina.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir hefur umsjón með dagskránni. Allir hjartanlega velkomnir!

Langar þig að fræðast um kirkjubygginguna sjálfa, hönnun hennar og sögu? Sunnudaginn 15. mars, að lokinni guðsþjónustu í Mosfellskirkju sem hefst kl. 11, flytur Pétur H. Ármannsson, arkitekt og forstöðumaður Minjaverndar, erindi um það efni í kirkjunni.

Meðal þess sem ráðgert er á afmælisárinu er hin árlega hestamannamessa í maí og kyrrðardagar á Mosfelli að vori og hausti.

Badstofustemming – Stefán Þorláksson heiðraður; samkoma í Reykjadal verður á bæjarhátíðinni Í túninu heima í lok ágúst, fjölskylduguðsþjónusta verður í september og í lok október verður Kvinnakirkjan

með guðsþjónustu af því tilefni að öld er liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Ólafía Jóhannsdóttir, fædd á Mosfelli 1863, kemur þar m.a. við sögu sem baráttukona þess málefnis. Að guðsþjónustu lokinni flytur Guðrún Ásmundsdóttir leikkona leikþátt um þá merku konu.

Nánari dagskrá verður birt seinna í Mosfellingi og á heimasíðu Lágafellssóknar [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is).

Með Guðs friði á vetrarmánuði.  
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir,  
sóknarprestur.

**GNÁ ehf.** Viðhald og sprautun innréttinga. Garðar Hreinsson, sími 894 7200

**Hrossaræktunarbúíð**  
**ÓLAFSHAGI**  
...á horninu

 **GÍSLASON**  
**VÍÐGERÐIR E.H.F.**  
Völuteigi 25  
587 2060

**ÁK verktakar**  
eru í Mosfellsbæ!  
Pípulagningaþjónusta

Kristinn Ingvarsson  
pípulagningamaður,  
Sími 8994677  
[astasigvalda@simnet.is](mailto:astasigvalda@simnet.is)

  
**Fasteignasala**  
**Mosfellsbæjar**

**586 8080**

**Gandur ehf.**

Öll almenn  
járnsníði og  
vélaviðgerðir  
Sími 696 8523

# Svipmyndir frá þorrablóti Dalbúa 2014



Ljósmyndir: Mosfellingur.

# Njósnaheiður og naglbítar

Guðjón Jenson hefur um langt skeið ritað greinar í Dalalæðuna og iðulega verið fundvís á áhugavert efni. Á þessu sinni vikur hann máli sínu að hernámsárunum og öllu því drasli sem herinn skildi eftir víða um sveitina. Sú saga tengist miklu magni af innfluttum naglbítum sem tóku á sig nýja mynd í Atómstöðinni eftir Halldór Laxness.



Guðjón Jenson.

Á að minnsta kosti fjórum fellum í Mosfellssveit voru njósnaheiður á stríðsárunum: Efst og austast á Úlfarsfelli var stærsta stöðin og mesta vísnið, á Lágafelli og Helgafelli voru varðstöðvar sem höfðu það hlutverk að fylgjast með umferð á vegum.

Fyrir norðan Helgafell var stærsti herspítalinn á landinu og þurfti af þeim ástæðum sérstakt öryggi til varnar og eftirlits. Og efst, nyrst og vestast á Mosfelli næst Esju, er afburðagott útsýni austur yfir Mosfellsheiði og einnig vestur yfir Kollafjörð, um innanvert Kjalarnes og langt inn og út með Esju.

Um fellin voru reistar umfangsmiklar víggríðingar úr gaddavír og meðfram þeim lágu ótal símalínur frá varðbyrgjunum niður í stjórnstöðvar hersins, enda var herliðið viðbúið hinu versta ef skyndiárás þýska hersins yrði að veruleika. Síðar kom í ljós að Þjóðverjar höfðu gert áætlun um hernám Íslands og gekk hún undir nafninu Ikarus. Bretar óttuðust að Þjóðverjar sendu hingað án nokkurs fyrirvara fjölmennar sveitir fallhlífarhermanna sem gætu valdið miklu uppnámi og tímabundinni upplausn.



Halldór Laxness las úr Atómstöðinni á 40 ára afmæli Aftureldingar árið 1949. Myndin er tekin í Brúarlandi.

Eftir stríð voru öll mannvirki hersins í Mosfellssveit yfirgefin en vírgirðingarnar voru bændum, göngugörpum og búsmala til trafala og tjóns. Var mikið um það rætt hvernig fjarlægja mætti allar þessar gaddavírsflækjur. Á fundi hjá Ungmennafélaginu Aftureldingu kom fram sú tillaga að sjálfboðaliðar tækju að sér þetta þarfa verk gegn því að hreppurinn styddi fjárhagslega við bakið á félaginu. Sigurjón Pétursson iðnrekandi á Álafossi kom á þennan fund og vildi leggja sitt af mörkum í þessu hreinsunarmáli. Pétur sonur hans var þá í Ameríku og Sigurjón taldi það ekkert mál að útvega slatta af naglbítum til verkefnisins með hjálp Péturs. Með naglbítana að vopni væri hægt að ráðast gegn gaddavírnum.

Mosfellingum leist vel á þessa hugmynd, Sigurjón gekk í málið en vegna mistaka eða fyrir einhverja handvömm urðu núllin í




Horft í áttina að Esju og Mosfelli. Örin bendir á staðinn þar sem enn má finna leifar af varðbyrgi frá hernámsárunum. Ljósmynd: Rafn Jónsson.

símskeyti milli feðganna allt of mörg! Fyrir vikið bárust einhver lifandis ósköp af naglbítum í hendur Aftureldingar svo aldrei hafði sést annað eins magn af verkfæri þessu í íslenskrí sveit.

Um þetta leyti var Halldór Laxness að rita skáldsöguna Atómstöðina, bókin kom út árið 1948 og seldist upp á svipstundu. Aðalpersónur bókarinnar eru Uglá og organistinn en sagan er skreytt mörgum litríkum aukapersónum með furðulegum nöfnum og viðurnefnum: atómskáld, guðinn Briljatín, feimna og ófeimna löggan,

Óli figúra, stúlkan Aldinblóð og loks Tvö Hundruð Þúsund Naglbítar sem flutti inn naglbíta og stundaði vafasöm viðskipti.

Þeir lesendur Atómstöðvarinnar sem þekktu naglbítasöguna úr Mosfellssveit varð hugsað til Sigurjóns á Álafossi en því fer þó fjarri er að hann hafi verið sá siðlaus braskari sem Halldór lýsir í Bítum, eiganda faktúrufölsunarfélagsins. Auðvitað var Sigurjón slunginn forréttingamaður á sínum tíma en ekki er vitað að hann hafi tengst jafn stórfelldum og vafasömum umsvifum eins og lýst er í skáldsögunni. Í heimi skáldsögunnar er eðlilegt að ýkja og skerpa lýsingar og gera persónurnar eftirminnilegri fyrir lesendur. Í þeim efnum var skáldið á Gljúfrasteini snillingur.



**Blómasala alla daga**

**kl. 9.00-13.00**

**Dalsgarði Mosfellsdal**

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer  
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland  
Sími/tel: +354 566 7490  
Fax: +354 566 7610  
Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is

**Sjáumst hress  
og kát  
á porrablótinu!**

# Ólafsgata



Jóna Dís Bragadóttir formaður Hestamannafélagsins Harðar ávarpar hestafólk á bæjarhlaðinu á Hrísbú.

Þann 21. júní sl. hélt fríður flokkur knapa og hesta í hina árlegu Jónsmessureið Dalbúa. Að venju var lagt af stað frá Hraðastöðum, að þessu sinni var riðið niður með Köldukvísl og fyrsti áningarstaðurinn var í Léttlyndu laut.

Síðan var haldið að Hrísbú þar sem tekið var á móti okkur með glæsilegum veitingum undir beru lofti. Þess var minnst að 54 ár voru liðin frá því að feðgarnir Ingimundur Ámundason og Ólafur Ingimundarson stofnuðu hestaleigu á Hrísbú, eina



Óli og Ása á Hrísbú við örnefnaskiltið vestan við Mosfell. Erlingur Kristjánsson hannaði og smíðaði skiltið.

þá fyrstu á Íslandi. Jóna Dís Bragadóttir formaður Hestamannafélagsins Harðar flutti ávarp, afhenti Ólafi skrautritað skjal og gjöf frá hestamannafélaginu.

Að þessu loknu var fornleifauppgröfturinn á Hrísbú kannaður, síðan var sest í hnakk og haldið út með Mosfelli. Framinn var örnefnagjörningur vestan við fjallið þar sem lögð var reiðgata á sínum tíma fyrir hestaleiguna og var hún merkt með nýju örnefni: **Ólafsgata**.



Riðið yfir Leirvogsá.



Hrísbúarbræður Gísli og Andrés norðan við Tröllafoss en þar var aðaláningarstaður hestaleigunnar á Hrísbú.

Þá var haldið áfram upp með Leirvogsá, að við Hrafnhóla, hluti hópsins reið upp að Tröllafossi en þar var aðaláfangastaður hestaleigunnar á Hrísbú á sínum tíma. Allir skiluðu sér heim í Dalinn; veður var milt og þurr á jörð.

Athugið að Jónsmessureiðin á sumri komanda verður laugardaginn 20. júní og þá verður riðið í réttir: Dalsrétt í Helgadal, Kambsrétt í Seljadal og loks í Hafrvatnsrétt. Takið daginn frá!

*Knapi.*

Bifreiðaverkstæði  
Guðvarðar og Kjartans

Sími 566-6257

**REYKJABÚIÐ**

Reykjum • 270 Mosfellsbæ

Sími 566-6800



**Vinnustofa Þóru  
á Hvirfli er opin  
eftir samkomulagi.  
Símanúmer 566-7098  
og 820-0321.**

# Kvenfélagið Dalalæðurnar

Dalalæðurnar hafa haldið uppteknum hætti í dalnum nú sem endranær. Markmið þeirra þetta árið hefur aðallega verið tengt börnum dalsins; að stuðla að frekari samskiptum milli þeirra og þar með fjölskyldnanna.



Frá jólaballinu í Reykjadal. Ljósmynd: Alisdair Wright.

Við blésum til árlegs páskabingós í kringum páskana, mæting var fremur slök, fámennt en góðmennt. Vinningarnir voru ekki af verri endanum, stór páskaegg troðfull af góðgæti. Allar fjölskyldur fengu vinning að þessu sinni sem var mjög gleðilegt. Ennfremur fengu bingógestir minnsta eggid með sér heim í nesti svo það má með sanni segja að allir hafi verið súkkulaðisælir eftir þetta páskabingó.

Dalalæðurnar héldu árlegt jólaball í Reykjadal þann 28. desember síðastliðinn. Það var fríður hópur barna sem þar mætti prúðbúinn ásamt fjölskyldum sínum. Við sungum jólalög og gengum í kringum jólatréð. Stekkjastaur mætti hoppandi kátur á ballið til okkar, á leið sinni upp í Esjuna, og gaf börnunum mandarínur. Dalalæðurnar

buðu upp á kaffi, djús og piparkökur og allir skemmtu sér vel. Yndisleg stund í gömlu stofunni í Reykjadal.

Á nýbyrjuðu ári væri gaman að efla enn samskipti milli okkar í dalnum, kvenna, karla og barna. Þess má geta að við setjum allar auglýsingar um viðburði sem tengjast t.d. páskabingói og jólaballi inn á hópinn Íbúar í Mosfellsdal á facebook. Ennfremur erum við með hóp undir nafninu Dalalæður á facebook en þar er það einungis kvenpeningurinn sem fær aðgang :)

Við ætlum að hittast fljótlega og hrista aðeins upp í okkur og vonum að sem flestar konur mæti þá galvaskar og hressar að vanda.

Fyrir hönd Dalalæðanna,  
Svava Björk Ásgeirsdóttir og  
Guðný Ragna Jónsdóttir.

## Grænmetismarkaður Tjaldstæði



**MOSSKÓGAR**  
Sími 663 6173

# Veðiðhorn Guðna

Hér koma veðitölur ársins 2014 fyrir Mosfellsbæ, samkvæmt upplýsingum frá Guðna Bjarnasyni, skyttu á Hraðastöðum:

Tvö tófugreni voru unnin: í Mosfelli og Seljadal.

15 fullorðnir refir voru veiddir: í Mosfellsdal og á Mosfellsheiði.

14 mosfellskir yrðlingar lutu í gras á nýliðnu ári.

48 minkar voru veiddir, ýmist með gildrum, hundum eða skotvopnum. Flestir minkarnir náðust við Leirvogsa, Seljadalsá og í Mosfellsdal.

400 sílamávar voru skotnir, flestir í Leiruvogi, við Lágafell og Úlfarsfell.

Rjúpur: Tölur ekki tiltækar!



Guðni á Hraðastöðum með tófur sem hann skaut í norðanverðu Mosfelli árið 2005.



**ÍSFUGL**

Reykjavegur 36,  
Mosfellsbær  
Sími 5666103  
Fax 5666762

**Mosblikk ehf**  
Hestakerrur  
sími 894-1236

## Ágætu lesendur Dalalæðunnar

Árlega sendir stjórn Víghóls gíróseðla inn á öll heimili í Mosfellsdal, 3.000 krónur að þessu sinni. Þar er um að ræða árgjald félagsins og styrk fyrir Dalalæðuna. Í fyrra brugðust menn fljótt og vel við og er það þakkað.

Dalbúar eru hvattir til að greiða gíróseðilinn eða leggja upphæðina inn á reikning félagsins sem er 0315-13-700185.

Kennitala Víghóls er 641198-2779.

Frjáls framlög brottfluttra Dalbúa eru einnig vel þegin!

Með bestu kveðjum,  
Rafn Jónsson, formaður Víghóls, Póra Bjarnadóttir, gjaldkeri, Jón Jóhannsson, ritari.



# Annáll ársins 2014

## Kæru Dalbúar!

Yfirstandandi starfsári Víghóls lýkur eins og það hófst! Á síðasta aðalfundi voru umferðarmálin mikið til umræðu, þriðja árið í röð sem þau eru sett á oddinn, en umferðaröryggismál eru okkur öllum afar hugleikin. Stjórnin sem nú lýkur tíunda starfsári hefur unnið að þessum málum frá upphafi en mismunandi mikið frá ári til árs. Við höfum verið í reglulegu og góðu sambandi við bæjaryfirvöld, skipulagsyfyrvöld og fulltrúa Vegagerðarinnar.

Nú hillir loksins undir að þessi hljóðláta barátta sé að skila árangri, því fyrirhuguð er deiliskipulagsvinna um aukið umferðaröryggi á og við Þingvallaveg í Dalnum. Stjórnin hefur sent skipulagsyfyrvöldum ályktun um þetta mál. Okkur gefst kostur á að leggja okkar lóð á vogarskálarnar í þessu með því að koma með hugmyndir að því sem hægt er að gera innan skynsamlegra marka og hver forgangsroðunin á að vera. Vonandi getum við átt uppbyggilega og árangursríka umræðu um þetta forgangsmál okkar á aðalfundinum 12. febrúar.

## Þorablótið

Dalbúar hafa átt gott samstarf við Reykjadal og Víghóll styrkti starfsemina að vanda, að þessu sinni um 100 þúsund krónur. Þorablótið var haldið í fyrsta sinn í Reykjadal í fyrra og tókst það snilldarvel. Það er virkilega gaman að hafa hátíð sem þessa í heimasveitinni og gaman að geta haldið það aftur þarna. Vinnan sem menn leggja á sig til að gera þorablótið sem best úr garði er ótrúlega mikil og óeigingjörn.

Þetta fólk á allt miklar þakkir skildar og vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta á þorablótið núna. Verði aðgöngumiða er stillt í hóf, því það er ekki markmið að reka þorablót með hagnaði en heldur má ekki vera tap á þessari samkomu. Góða skemmtun!

## Áramótaeldurinn

Að vanda var kveiktur varðeldur á gamlárskvöld. Undanfarin ár hefur eldurinn verið í landi kirkjunnar þar sem jafnframt er gróðurreitur soroptimista. Nokkrar skemmdir urðu á trjám í fyrra og hitteðfyrra og var komist að samkomulagi við soroptimista og sóknarprestinn okkar að nokkur tré yrðu færð, þannig að engar skemmdir yrðu og eldstæðinu var afmarkaður sérstakur reitur. Nonni í Dalsgarði flutti svo þessi tré á annan stað innan reitsins í haust og allir voru kátir. Þetta sýnir enn og aftur mátt samvinnunnar!

## Nýtt starfsár Víghóls

Nú fer senn í hönd nýtt starfsár íbúasamtakanna okkar. Núverandi stjórn hefur setið í áratug! Við hvetjum fólk að bjóða sig fram til starfa fyrir íbúasamtökin á aðalfundinum. Margir íbúar hafa ákveðnar skoðanir á því hvernig hlutirnir eiga að vera og Víghóll er kjörinn vettvangur til að koma hugðarefnum sínum í framkvæmd.

*Ég vona að nýtt ár færi ykkur öllum farsæld og gleði!*

*Rafn Jónsson formaður.*